

Alþingi
Erindi nr. P 141/1687
komudagur 20. 2. 2013

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150-Reykjavík.

Reykjavík 18/2 2013.

Umsögn um frumvarp til laga um landflutningalög. -124. mál.

Í framhaldi af umsögn sem undirritaður veitti 23/3 2012, óska ég að koma eftirfarandi á framfæri.

Að mínu mati er um mjög þarfa vðbót við lögin að ræða. Þessi viðbót mun hvetja til samkeppi milli allra tegunda flutninga hvort sem þeir eru í lofti, á láði eða legi. Eins og fram kemur í góðri greinargerð með frumvarpinu þá er stefna margra landa að draga úr þungaflytningum á vegum. Er það aðallega gert vegna umferðaröryggissjónarmiða. Eins og kemur fram í greinargerðinni, þá greiða vöruflutningabílar ekki eðlilegt gjald m.v. það vegaslit sem þeir valda. Má líta á það sem stuðning ríkisins við þessa tegund flutninga. Sumir líta svo á sem þetta frumvarp sé til að koma á eins konar "Skipautgerð Ríkisins". Það er hin mesta fásinna. Frumvarpið er, að mínu mati, til að jafna aðstöðumun og koma á virkri samkeppni í flutningum. Leita þarf allra leiða til að gera flutningana hagkvæmari sérstaklega fyrir landsbyggðina. Svo nefndir "framhaldsflutningar" veita þeim sem flytja vörur til og frá landinu einskonar einkaleyfi á flutningum innanlands. Þetta frumvarp er því til að sporna gegn þeim möguleika. Vona ég að þetta mál nái fram að ganga sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Ragnar M. Traustason.